

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Birni Levi Gunnarssyni um ferðakostnað og dagpeninga ráðherra.

1. Hver er frá og með árinu 2018 árlegur fjöldi utanlandsferða ráðherra, og þeirra sem fóru með málefnavið hans, vegna starfa á vegum ráðuneytis?

	2018	2019	2020	2021	2022
Fjöldi ferða	9	4	1	1	8

2. Hve háar voru árlegar greiðslur dagpeninga vegna þessara ferða?

	2018	2019	2020	2021	2022
Dagpeningar	231.523	148.289	32.020	56.215	590.749

3. Hversu oft á hverju ári fékk ráðherra  $\frac{1}{3}$  hluta dagpeninga og hve oft  $\frac{2}{3}$  hluta?

Nýjar reglur um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra í ríkisstjórn Íslands voru gefnar út árið 2021. Þar segir í 2. gr.: „vegna ferðalaga erlendis samkvæmt þessari grein skulu ráðherrum greiddir dagpeningar vegna fæðis og annars kostnaðar, þ.e. daghluta. Auk þess skal þeim greiddur ferða- og gistikostnaður.“ Frá 2021 á því þessi spurning ekki lengur við.

	$\frac{1}{3}$	$\frac{2}{3}$
2018	0	9
2019	0	4
2020	0	1
2021	Á ekki við	Á ekki við
2022	Á ekki við	Á ekki við

4. Hverjar voru árlegar fjárhæðir vegna hótulgistingar ráðherra annars vegar og hins vegar annars ferðakostnaðar?

	2018	2019	2020	2021	2022
Hótel	673.482	359.876	118.320	–	177.025
Fargjöld	1.339.401	893.456	112.322	88.015	1.586.246

5. Í hversu mörgum tilfellum hvert þessara ára var ráðherra ekið út á flugvöll í bifreiðum ráðuneytis og í hve mörgum tilfellum endurgreiddi ráðherra þann hluta dagpeninga sem ætlaður er til að standa undir þeim hluta ferðakostnaðarins?

Hefð hefur verið fyrir því að ráðherrum sé ekið út á flugvöll í ráðherrabifreiðum og er litið á það sem öryggismál. Samkvæmt reglum fjármála- og efnahagsráðherra frá 13. ágúst 2021,

um greiðslu ferðakostnaðar og önnur starfskjör ráðherra, skal ríkið leggja ráðherrum til bifreið til afnota vegna starfa sinna og skal sú bifreið vera sérútbúin með öryggiskerfi og staðsetningarbúnaði. Bifreiðunum skal að jafnaði ekið af sérstökum bifreiðarstjóra sem sinnir jafnframt hlutverki öryggisvarðar hlutaðeigandi ráðherra. Í framangreindum reglum er ekki gert ráð fyrir breytingum á dagpeningum til ráðherra vegna þessara akstursráðstafana.

6. *Hversu oft og hve háar voru árlegar endurgreiðslur ráðherra vegna styrkja og hvers konar hlunninda sem ráðherra naut erlendis og eiga samkvæmt reglum ferðakostnaðar-nefndar að koma til frádráttar almennum dagpeningagreiðslum?*

Ekki hefur tíðkast að starfsmenn, þ.m.t. ráðherrar, þurfi að gera grein fyrir þeim hlunnindum sem þeir njóta á ferðum erlendis. Ekkert hefur verið um styrki á ferðalögum ráðherra eða annars starfsfólks ráðuneytanna á ferðalögum erlendis.

7. *Ef við á, hvenær komst hefð á að leggja sérstakt mat á umfang hlunninda í ferðum ráðherra?*

8. *Ef við á, til hvaða aðgerða hefur verið gripið vegna ofgreiddra dagpeninga áður en farið var að leggja sérstakt mat á umfang hlunninda samkvæmt reglum um ferðakostnað og dagpeninga?*

Sjá svar við 6. tölul.